

REGLUGERÐ

um starfsmenntunarsjóð félaga í Kennarasambandi Íslands innan Bandalags kennarafélaga.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Starfsmenntunarsjóður félaga í Kennarasambandi Íslands innan Bandalags kennarafélaga og starfar hann með því skipulagi og markmiði sem segir í reglugerð þessari. Heimili sjóðsins og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Markmið sjóðsins er að tryggja fjárhagslegan grundvöll símenntunar og endurmenntunar fyrir kennara þannig að þeir beri ekki kostnað eða verði fyrir tekjutapi vegna slíks náms.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð til tveggja ára í senn. Tveir skulu skipaðir af fjármálaráðherra og tveir af stjórn BK. Stjórnin skal halda gerðabók og rita í hana allar samþykktir sínar. Til þess að samþykkt sé lögmæt þarf meirihluti stjórnarmanna að greiða henni atkvæði.

Stjórn sjóðsins er heimilt, telji hún þess þörf, að ráða starfsmann er inni af hendi nauðsynleg störf til þess að tryggja að sjóðurinn sinni því hlutverki sem honum er ætlað.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

- a) Framlag úr ríkissjóði er nema skal 0,2% af föstum mánaðarlaunum félagsmanna. Hlutfall þetta skal endurskodað árlega miðað við þarfir sjóðsins. Um skil á framlagi ríkissjóðs skal höfð hliðsjón af reglum er gilda um skil á orlofsfé.
- b) Vaxtatekjur.

Tekjum sjóðsins skal einungis varið í samræmi við markmið hans, sbr. 2. grein.

5. gr.

Til þess að annast hlutverk sitt er sjóðnum heimilt að beita sér fyrir námskeiðum og annarri fræðslustarfsemi er lýtur að aukinni starfsmenntun sjóðfélaga. Starfsemi þessa er honum heimilt að rækja í samvinnu við aðra aðila.

Þá er sjóðstjórn m. a. heimilt að veita neðangreindum aðilum fjárstyrki úr sjóðnum til eftirtalinna viðfangsefna:

1. Einstakra sjóðfélaga til
 - a) að sækja námskeið eða nám innanlands eða utan.
 - b) rannsókna eða ákveðinna verkefna sem teljast til endurmenntunar þeirra.
2. Svæðasambanda eða einstakra félagssamtaka innan BK vegna námskeiðshalds á vegum þeirra eða í samstarfi við aðra.

6. gr.

Peir sem æskja styrks úr sjóðnum skulu senda stjórn sjóðsins umsókn þar að lútandi þar sem fram komi lýsing á því námi eða verkefni sem styrkurinn skal renna til, áætlaðan kostnað, hvenær fyrirhugað er að stunda námið eða verkefni sem styrkur er veittur út á og aðrar þær upplýsingar er sjóðstjórn kann að telja nauðsynlegar. Á grundvelli þeirra tekur sjóðstjórn ákvörðun um hvort og hve háan styrk viðkomandi umsækjandi skuli fá. Að jafnaði skal aðeins veita styrk vegna umsóknar sem lýtur að væntanlegum kostnaði

umsækjanda. Þó getur sjóðstjórn veitt styrk vegna kostnaðar sem þegar hefur verið stofnað til innan viðkomandi reikningsárs telji hún slíkt nauðsynlegt vegna sérstæðra aðstæðna. Úthlutun styrkja úr sjóðnum skal fara fram a. m. k. ársfjórðungslega.

7. gr.

Greiðslur úr sjóðnum má aðeins inna af hendi þegar tveir stjórnarmenn, hvor frá sínum aðila hafa samþykkt þær með áritun sinni, t. d. á umsóknir eða reikninga.

8. gr.

Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið. Reikningar skulu endurskoðaðir af ríkisendurskoðun.

Stjórn sjóðsins er heimilt að semja við aðra aðila um að sjá um störf þau sem nauðsynlegt er að vinna til að tryggja starfrækslu sjóðsins.

9. gr.

Árlega skal stjórn sjóðsins gera skýrslu þar sem gerð skal grein fyrir fjárhag hans og starfsemi síðastliðið reikningsár. Skal skýrsla þessi send fjármálaráðherra annars vegar og stjórn BK hins vegar.

10. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt ákvæðum í kjarasamningi ríkisins og Bandalags kennarafélaga öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 24. júlí 1986.

Þorsteinn Pálsson.

Sigurgeir Jónsson.

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 64 5. febrúar 1974 með síðari breytingum.

1. gr.

33. gr. samþykktarinnar orðist svo:

„Bæjarritari hefur með höndum umsjón með skrifstofum bæjarsjóðs og er ritari bæjarstjórnar og bæjarráðs. Bæjarstjóri getur falið honum meðferð tiltekinna málaflokka í umboði sínu samkvæmt nánari reglum, sem bæjarstjórn setur um þau málefni.

Fjármálastjóri fer með daglega stjórn fjármála bæjarsjóðs undir yfirstjórn bæjarstjóra samkvæmt nánari reglum sem bæjarstjórn setur um þau málefni.

Bæjarlögmaður fer með þau lögræðilegu málefni sem snerta bæjarsjóð og bæjarfyrirtæki og honum eru falin af bæjarstjóra samkvæmt nánari reglum, sem bæjarstjórn setur um þau málefni.“

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar hefur sett, staðfestist hér með samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 8 18. apríl 1986, til að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 28. júlí 1986.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Þórhildur Línadal.